



YFIRLIT ÁRSINS 2021

Umferðarsvið



Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna.

Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN	3
YFIRLIT ÁRSINS 2021 - Umferðarsvið	3
Tillögur í öryggisátt 2021	5
Hættulegt vegumhverfi	5
Frágangur á farmi	5
Hlífðarbúnaður bifhjólanna	5
Galli í malbiksframleiðslu	5
Skráning og eftirlit með snjómokstursbúnaði á ökutækjum	5
VETTvangur Banaslysa 2021	5
ERLENT SAMSTARF 2021	6

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Árið 2021 unnu eftirfarandi nefndarmenn að skýrslum um banaslys í umferðinni á umferðarsviði RNSA.

- Geirprúður Alfreðsdóttir, flugstjóri og verkfræðingur (formaður)
- Ásdís J. Rafnar lögfræðingur, (aðalmaður)
- Guðmundur Freyr Úlfarsson, verkfræðingur (aðalmaður)
- Guðrún Nína Pedersen, veðurfræðingur (varamaður)
- Kristín Sigurðardóttir lækni, (varamaður)


Tveir rannsakendur unnu að rannsóknum slysa á umferðarsviði, Sævar Helgi Lárusson, rannsóknarstjóri og Hinrik Jóhannsson verkfræðingar.

Umferðarslysasvið sinnir útköllum á landsvísu og er sviðið skipulagt með þeim hætti að a.m.k annar starfsmaður þess sé alltaf tiltækur til að sinna útkalli.

YFIRLIT ÁRSINS 2021 - Umferðarsvið


Árið 2021 létust alls níu einstaklingar í átta slysum. Í einu slyssanna létust tveir. Tveir farþegar létust þegar bifreið þeirra lenti út í sjó eftir að ökumaður hennar missti stjórn og fór út af veginum. Tvö banaslys til viðbótar urðu vegna útafaksturs bifreiða. Í báðum tilfellum voru þeir sem létust ekki spenntir í öryggisbelti. Einn maður lést eftir fall af reiðhjóli og svo varð fyrsta banaslysið á rafskútu á Íslandi. Þar lentu saman ökumaður á rafskútu og léttu rafmagnsbifhjóli á hjólastíg við Sæbraut. Tveir gangandi vegfarendur létust í umferðarslysi á árinu, annar þeirra varð fyrir strætisvagni við Menntaskólann við Sund og hinn varð fyrir bifreið á gatnamótum Kaupþúns og Urriðaholtsstræti. Í síðasta banaslysi ársins lést ökumaður bifreiðar í framanákeyrslu sem varð við frammúrakstur.

Enginn erlendur ferðamaður lést í umferðinni árin 2020- og 2021. En árin þar á undan voru um þriðjungur látinna í umferðarslysum erlendir ferðamenn.




Mynd 1: Fjöldi banaslysa og látinna í umferðarslysum á Íslandi.

Á mynd hér að ofan sést þróun banaslysa undanfarin 10 ár. Fjöldi banaslysa undanfarin þrjú ár hafa verið færri en árin þar á undan. Bindur nefndin vonir við að fjöldin muni ekki aukast með fyrirséðri aukningu ferðamanna.



Mynd 2: Látirnir í umferðarslysum á Íslandi eftir vegfarendahópum.

Ef litið er aftur til ársins 2016 sést að mikil fækkun hefur orðið á banaslysum fólks í bifreiðum. Ein skýring á því er fækkun erlendra ferðamanna vegna Covid faraldursins en einnig hefur verið mikil framför í öryggiskerfum bifreiða sem og umbætur í vegakerfinu. Fækkun hefur orðið á banaslysum í dreifbýli undanfarin ár, en banaslys óvarinna vegfarenda verða helst í þéttbýli.



Mynd 3: Staðsetning banaslysa.

Árið 2021 voru haldnir 20 fundir hjá umferðarsviði RNSA og var skýrslum um 10 banaslys í umferðinni lokið. Birti nefndin alls 10 tillögur í öryggisátt í skýrslunum og 20 ábendingar.

Tillögur í öryggisátt 2021

Hættulegt vegumhverfi

RNSA birti tvær tillögur um hættur á og við vegi. Í einu slysi fór bifreið ofan í hyl sem var við vegræsi beindi nefndin tillögu til Vegagerðarinnar um að framkvæma öryggisúttekt á frágangi vegræsa og skoða hönnun þeirra m.t.t. umferðaröryggis. Í öðru slysi lést ökumaður bifhjóls eftir að hann lenti aftan á bifreið sem var stopp við einbreiða brú. Rétt áður en að brúnni kemur er ekið yfir blindhæð. Nefndin beindi þeirri tillögu til Vegagerðarinnar að vinna að öryggisúrbótum á slysstað.

Frágangur á farmi

Í skýrslu nefnarinnar um alvarlegt umferðarslys sem varð á Vesturlandsvegi í Kollafirði þann 10. janúar 2020 birti nefndin þrjár tillögur í öryggisátt. Beindi nefndin þeirri tillögu til Samgöngustofu að endurskoða reglugerð um frágang á farmi. Að mati nefndarinnar er þörf á að taka sérstakt tillit til krókheysigáma og festingar þeirra. Nefndin beindi einnig þeirri tillögu til Samgöngustofu og Vinnueftirlitsins að setja bindandi reglur um öryggisúttektir á gámalásum og krókheysisbúnaði. Þriðju tillögunni var svo beint til eigenda gámabifreiðarinnar sem í slysinu lenti að yfirfara verklagsreglur sínar um frágang og festingar farms.

Hlífðarbúnaður bifhjólamanna

RNSA beindi til Samgöngustofu þeirri tillögu að auka fræðslu um hlífðarbúnað bifhjólamanna í skýrslu nefnarinnar um banaslys þar sem bifhjólamaður ók um með hjálm sem ekki var hannaður sem hjálmur fyrir bifhjólaakstur.

Galli í malbiksframleiðslu


Í júní 2020 missti ökumaður bifhjóls stjórn á hjólinu á nýlögðu malbiki á Vesturlandsvegi með þeim afleiðingum að hann og farþegi hjólsins runnu framan á bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Rannsókn á slysinu leiddi í ljós alvarlegan galla í framleiðslu á malbikinu og útlagningu þess. Beindi nefndin tillögum til bæði verktaka og framleiðenda malbiksins um að yfirfara verkferla og gæðakerfi fyrirtækjanna. Beindi nefndin jafnframt þeirri tillögu til Samgöngustofu að skoða hvort þörf sé á bindandi reglum um öryggisúttektir að loknum viðhalds- og nýframkvæmdum.

Skráning og eftirlit með snjómokstursbúnaði á ökutækjum.

Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á Reykjanesbraut í upphafi ársins 2020 beindi nefndin því til Samgöngustofu og Vinnueftirlitsins að taka öryggismál snjómokstursbúnaðar til skoðunar og hafa stofnaninar hafið vinnu þar sem tillögur verða unnar um aukið öryggi við snjómokstur.

VETTIVANGUR BANASLYSA 2021

Engin banaslys urðu árið 2021 á stórum hluta landsins, en fjögur banaslysanna urðu á Höfuðborgarsvæðinu og eitt í Hvalfirði. Tvö banaslys urðu á Vestfjörðum og eitt á Suðurlandsvegi rétt austan við Selfoss. Ekki er einhlít skýring á hvers vegna dreifing slysanna var með þessum hætti en öll fjögur slysanna á Höfuðborgarsvæðinu voru slys á óvörðum vegfarendum.



Staðsetning banalýsa árið 2021

ERLENT SAMSTARF 2021

Fulltrúar frá rannsóknarnefndum samgönguslysa frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Íslandi og Hollandi hittast árlega þar sem stofnanir bera saman bækur sínar, kynna rannsóknir og læra hver af öðrum. Svíar áttu að vera gestgjafar árið 2021 en sökum covid faraldursins var fundurinn haldinn með fjarfundabúnaði þetta árið eins og árið þar á undan.



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - netfang: RNSA@RNSA.is